En því má ekki gleyma að þótt bækur hafi verið fáar á þessum árum var algengt að fólk talaði hreinlega bókmál. Það viðnaði í sífelli í kveðskap og sögur þannig að sagnahefð var sett í samhengi við daglegt líf með miklu beinni hætti en nú er. Fólk þurfti ekki að setja sig í einhverjar stellingar til þess að njóta kveðskapar og sagnafróðleiks, það rifjaði hann upp í sífelli og viðhafði í dagsins önn. Orðtök, málshættir, vísur og ýmis fróðleikur um ættartengsl tengdust viðburðum dagsins um leið og þeir gerðust. Amma míni var ein af þessum manneskjum og ég var sólginn í að hlusta á frásagnir hennar. Fróðleikur hennar var ekki úr bókum, hún lærði ekki að lesa fyrr en hún var um tvítug. Þess má geta til gamans að henni þótti alltaf undarlegt að fólk sem var særilega skrifandi gæti verið pennalatt.

En var eitthvað sérstakt í uppvextinum sem vakti áhuga þinn á sálarfræði?

Ég veit það bara alls ekki. Það væri þá helst að mér gekk fremur seint að læra að lesa. Fyrsta veturninn sem Guðfinna kennið gekk mér afleitlega einkum í reikningi. Ég var uppburðarlítill og ósjálfstæður en Guðfinna duglegur kennari. Ég tók getuleysið næri mér og man það enn. Þetta kann að hafa vakið áhuga minn á skólastarfi, ég veit það ekki. Móður minni sem hafði komist á Kvennaskólann á Blönduösi mun ekki hafa hugnast að aumingjaskapnum í frumburði sínum og hún tók mér heldur betur taki í jólafrínu. Ekki held ég að tilsgögnin hafi verið sérlega kennslufræðilega grunduð, að minnsta kosti liggar við að ég sé svölistið sár í hennar garð fyrir ómjúka meðferð enn í dag. En mér fannst ég eiginlega aldrei purfa teljandi að leggja á mig við nám í barnaskóla eftir þetta. Hins vegar hef ég aldrei verið góður námsmaður sem kallað er og hef alltaf haft vissa vantrú á skólam.

Vondir skólar sem illa er staðið að geta gert mikið ógagn og hreinlega eyðilagt fólk. Verst er ef þeir sinna ekki proskahlutverki sínu og birtast nemendum sem þvingun. Ég segi ekki að skólagangan hafi horft svona við manni í bernsku, maður áttangið sig ekki á formlegri stéttaskiptingu í nútímarmerkingu orðsins, en maður var ápreifanlega var við mannamun og ég held það hafi kannski kveikt áhuga á félagsmálum og því að láta til sín taka og í sér heyra. Mig langaði um skeið mikið til að verða rithöfundur.

Nú eruð þið Broddi Jóhannesson og Sigurjón Björnsson allir Skagfirðingar. Hvers vegna fóru ungir menn sem fæddust í Skagafirði á fyrsta þriðjugi aldarinnar öðrum fremur í sálfrædinám?

Ég hef ekki nokkurn grun um það. Ég hef ekki mikla trú á heraðabundnum skýringum og verð víst að viðurkenna að ég er lélegur Skagfirðingur og sýni áthögunum litla rækt. Ég hef aldrei verið félagi í Skagfirðingafélaginu hér í Reykjavík. Sem unglingsur kannaðist ég sennilega við fleiri liðna sveitunga mína en lifandi. Það gerði grúsk í sagnablöðum Gísla Konráðssonar og

frásagnir eldra fólks eins og ömmu minnar.

Nú varst þú í Samvinnuskólanum og hjá nána þínum Jónssyni frá Hriflu. Viltu segja okkur frá þessum árum og þeim tíðaranda sem þá ríkti?

Já ég var í Samvinnuskólanum og útskrifaðist þaðan vorið 1942 eftir eins vetrar nám. Mér fannst annað þarfara á þessum árum en að sitja í skólum. Ég var aðeins einn vetur í Ingimarsskólanum, 1939 - 1940 en tók próf um vorið upp í annan bekk Samvinnuskólans. Reyndar lauk ég prófinu daginn fyrir hernám Bretta þegar vatnaskil urðu í Íslandssögunni. Þá leið undir lok gamla Ísland, land bændamenningar með ungmann- og kaupfélögum. Hið nýja Ísland er af allt óðrum toga. Hugarfar þess og menning virðast ekki eiga sér rætur í gamla Íslandi nema að takmörkuðu leyti.

Veran í Samvinnuskólanum hafði talsverð áhrif á mig. Raunar höfðu áhrif Jónasar byrjað fyr vegna þess að lesefni eftir hann var nærtækt og áberandi á kreppuárnum í sveitinni þegar annars var ekki um auðugan garð að gresja í þeim efnunum. Stílmáti nafna míns sem einkenndist af langlokuskrifum og endalausum spuna festist við mig og loddri lengi við. En þessi lestur jók félagsmálahugann og mér fór að þykja freistandi að skipta mér af pólitík.

Það var góður andi í Samvinnuskólanum og margin ágætir kennarar, til dæmis Guðlaugur Rósinkranz, Þorleifur Pórðarson og Þorbjörg Halldórs frá Höfnum að ógleymdum Árna Kristjánssyni sem kenndi íslensku. En Jónas var auðvitað sér á parti. Menn gleyma því oft að Jónas var skólamáður að ævistarfi ekki síður en stjórnálamaður. Hann varð æfingakennari við Kennaraskóllann við stofnun skólans 1908 og starfaði þar bangað til hann varð fyrsti skólastjóri Samvinnuskólans og hann gegndi þeiri stöðu til sjötugs, ársins 1955.

Heimsmynd Jónasar var rómantísk. Menntun átti að vera almenns eðlis og að miklu leyti verkleg en kennslumáttinn byggðist á frásögn. En hans tími var á enda runninn og aðrar hugmyndir um menntun ruddu sér til rúms. Jónas

barðist fyrir sínum málstað og vildi hafa völd. Hann ætlaði sér til dæmis að hafa meiri áhrif á þróun Háskólangs en margir samtímannar hans töldu æskilegt. Stefnufesta hans í skólamálum sem var samofin þjóðmálastefnu hans var snar þáttur í pólitískri einangrun hans á seinni hluta ævi hans. Hann varð í reynd utangardsmáður í stjórnálum, hugsjón sinni á sinn hátt trúr og barðist hennar vegna fyrir völdum.

Um skólamanninn Jónas Jónsson hef ég annars fjallað lítillega í grein sem birtist í bók sem var gefin út nýlega í tilefni af 100 ára afmæli hans.

Nú lá leið þín úr Samvinnuskólanum í Menntaskóllann á Akureyri. Var það ekki á skjön við andann í Samvinnuskólanum?

Það var fjarlægt fátæku sveitafólk fyrir seinni stríð að ganga menntaveginn. Þegar ég hafði endanlega vaxið upp í draumórum um að verða rithófundur vildi ég verða kaupfélagsstjóri sem fyrt sem þótti ekki ólískleg framabyrjun á þessum árum. Ég fékk starf á skrifstofum SÍS á Akureyri haustið 1942 og var þar við ymis skrifstofustörf til haustsins 1944 og síðan á sumrin öll þrjú árin míni í Menntaskólanum á Akureyri.

Ég var svo heppinn að fá fæði og húsnæði hjá þeim heiðurshjónum Ólafi Methúsalemsyni frá Bustarfelli í Vopnafirði og Ásrúnú Jörgensdóttur frá Krossavík. Þarna var gróið menningarheimili og ef til vill má segja að ég fengi nýja umferð í uppeldi, nú á borgaralega visu. En nú voru tímarnir að breytast eins og ég gat um áðan. Heimsstyrjöldin og hernám Bretta veldur algerum þáttaskilum í íslenskri sögu. Fjárráð manna jukust, umheimurinn opnaðist og ég fór að lesa enskar bækur. Þetta allt og auðvitað umhverfið á Akureyri breytti viðhorfum mínum og smáum saman þótti mér kaupfélagsstjóraðan minna freistandi, jafnvel þótt við væri bætt draumi um þingmennsku. Ég verð að játa á mig þann smáborgaraskap að mig hefur alla tíð langað til að verða alþingismaður. Það er víst í lagi að segja það nú þegar það er endanlega úr sögunni.

Önnur breyting þessu skyld var breytt afstaða til valda og áhrifa. Nú langaði

mig til að standa á lengdar og skilja samhengið fekar en að taka þátt í stjórnmálunum. Mig langaði eiginlega ekki í Menntaskólann, mig langaði í Háskóla. Ég ætlaði þá í sálarfræði og rannsaka veruleikann. Andinn í menntaskólanum var ágætur en var þó að mörgu leyti tengdur heimavistinni en þar var ég ekki. Bekkjarsystkini míni mörg hafa orðið þjóðkunn, ekki síst vegna þátttöku í stjórnálum. Þar má nefna Ingvar Gíslason, Jón Skaftason og Sigurlaugu Bjarnadóttur frá Vigur. Ég flutti kveðjurðu stúdenta á sal þegar við útskrifumst 1947 og Sigurður Guðmundsson skólameistari sem þá létt af störfum setti ofan í við mig fyrir framan allan hópinn daginn eftir fyrir að hafa tekið óviðurkvæmilega til orða.

En það varð bið á að ég færi í háskóla. Ég kvæntist haustið 1947 Ingunni A. Hermannsdóttur frá Skútustöðum. Við fundum okkur sumarbústað í Kópavogi og bjuggum þar í tvö ár.

#### Síðan fórstu í háskólanám til Englands og Bandaríkjanna.

Það er lítið að segja frá árunum mínum þremur í Edinborg. Ég var einn úti fyrsta veturinn og hafði varla smakkað áfengi þegar ég kom þangað 27 ára. Ég reyndist fljótt liðtækur lagsmaður Bakkusar; einkum var bjórdrykkja sérgrein míni.

Sálfraði hefur aldrei verið mér auðveld námsgrein, en ég þurfti lítið að hafa fyrir sögu og mannfræði. Ég tók líka fyrsta árið í hagfræði sem aukagrein. Ég kunnin nokkuð í greininni fyrir og hef alla tíð lesið hana mér til gamans ásamt félagsfræði og stjórnálakenningum.

Ég get ekki tíundað nein afrek í sálfraðinámi mínu í Endinborg. Aðalkennari á fyrsta ári var James Driver yngri, ágætur fræðimaður. Ég hef alltaf verið nokkuð hallur undir kennningar Freuds, einkum eins og þær birtust síðar í endurtulkun nýfreudista eins og Sullivan, Horney og Fromm. Existentialískar kennningar hafa líka alltaf staðið mér nærrí, ekki síst á þessum árum, enda voru þær þá efst á baugi meðal menntamanna. Atferlisstefnan hefur aldrei skírkotað til míni, en ég hef alltaf reynt að gera mitt besta til að læra aðferðafræði og

tölfræði sem verða að teljast kjarninn í fræðilegum viðhorfum þeirrar stefnu, að minnsta kosti eins og atferlisstefna var túlkuð fyrir á árum. Þessi veiðleitni til að átta mig að aðferðafræði birtist líka í því að ég var innritaður í fullt nám til lokaáfanga í MA-námi við Institute of Education, University of London, veturninn 1980 - 1981. Þeir kúrsar voru nær eingöngu aðferðafræði, tölfæði og námskenningar.

Mér þykir að þeir sem hallir eru undir húmanísk viðhof í sálafræði leggi oft alltof litla áherslu á aðferðafræði og vísindaleg vinnubrögð. Þeir vilja ekki vita af hefðinni og hafna henni í athugunarleysi. Ég treysti mér ekki til að hafna vísindalegri hefð þótt ég sé ekki hrifinn af atferlisstefnu. Ég lauk M. A. ordinary prófi í Edinborg 1952, og ég man séstaklega eftir sumrinu 1951. Þá las ég mikið og vel. Það var ágætur tími.

Ég bætti síðar við M.A. prófi í ráðgjafarsálfraði frá Columbiaháskólanum. Þar var ég veturninn 1965 - 1966 en það var árangursríkasti tími minn við sálfraðinám. Ég fékk Fullbrightsyrk og Reykjavíkurborg sýndi það örlæti að láta mig halda fullum launum þannig að fjölskyldan gat skrimt af þeim hér heima um veturninn, en börnin voru þá örðin fimm. Ég hef alltaf verið þeim Jónasi B. Jónssyni fræðslustjóra og Geir Hallgrímssyni þáverandi borgastjóra þakklátur fyrir þennan höfðingskap við starfsmann. Slíkt var ekki sjálfsagt í þá daga og er raunar ekki enn. Ég hefi alla tíð fundið til mikilla persónulegra óþæginda að hafa ekki hærri prófgráður í sálarfræði eða annarri grein félagsvísinda. Það hefur háð mér í starfi á ýmsan hátt.

Dvölin í New York hafði mikil áhrif á mig. Borgin er ófreskja en mér þykir vænt um hana. Þar varð ég lokur fullorðinn að svo miklu leyti sem menn af minni gerð verða það yfirleitt. Unglingauppreisnin var að skella á og New York árið varð míni ögurstund sem fylgir mér æ síðan. Hugmyndafræði þessara þjóðfélagsbreytinga sameinaði pólitískar og fræðilegar hugmyndir mínar og ég sannfærðist um að velferðarríki nútímans eru á alvarlegum villigötum. Ein helsta skekkjan í uppbyggingu þeirra er að rugla saman hinu félagslega og því persónulega. Andlegum eða trúarlegum broska þegnanna hefur lítið verið sinnt af viti í uppbyggingu þessa kerfis sem á vist

að efla hag og heilsu fólks. En þetta kerfi er steingelt og menningarpólitíkin gjaldþrota. Til að fyrirbyggja misskilning skal þó tekið fram að ég tel mig ekki kristinn í trúfræðilegum skilningi, kannski er ég ekki alls fjarri eingyðistru Gyðinga. Ég er heldur ekki eins og sumir halda andvígur efnahagslegri velferðarstefnu. -Hún er sjálfssögð. En hún er aðeins það sem kalla mætti hinn nauðsynlega hluta til að grundvalla betra mannlif, en hún er ekki nægileg forsenda svo notað sé fræðilegt orðala.

**Hvernig fannst þér staðan í mennta- og uppeldismálum þegar þú komst heim frá námi?**

Ég held mér hafi fundist hún heldur ískyggileg. Nýtt landnám stóð yfir í bókstaflegum skilningi. "Gamla Ísland" var að líða undir lok. Félagslegt og menningarlegt rof var komið á fullt skrið en fólk vildi ekki horfast í augu við raunverulegar staðreyndir. Það er raunar núna fyrst eftir 1980 að stjórnvöld viðurkenna þessar breytingar eða öllu heldur afleiðingar þess að þær voru ekki viðurkenndar á réttum tíma. Að vísu var mikil "uppbýgging" og gróska í þjóðlífínus á þessum árum. Skólastöflugjöfin frá 1946 var rammalöggið og ein sú framsýnasta í Evrópu á sinni tíð, en stofnanir menntamála og stjórnkerfi skorti forsendur og dug til að þróa löggiðina og framkvæma anda hennar í skólastarfi og setja í menntapólitískt samhengi. Þetta er raunar sami vandinn og við er að glíma í dag. Viðleitni til að mæta breyttum samfélagsaðstæðum og atvinnuháttum var þó til staðar hjá einstaka skólamönnum víða um land. Skólayfirvöld í Reykjavík undir forystu Jónasar B. Jónssonar, fræðslustjóra, höfuðu greinilega næma tilfinningu fyrir breyttum aðstæðum og þörfum umbóta í skólastarfi. Sama má segja um forystumenn Kópavogshrepps, nú Kópavogsþær, á árunum milli 1950 - 1960.

**Hvað fórstu að starfa þegar þú komst heim að loknu námi?**

Ég byrjaði 1. júlí 1952 að starfa á skrifstofu landlæknis í Arnarhvöli. Ég var staðgengill Grétars Fells, sem fór í 6 mánaða orlof til Indlands en Grétar var formaður Guðspekifélagsins og mikill áhugamaður um dulspekileg efni og

raunar ágætt skáld eins og kunnugt er.

Ég var sem sé ritari landlæknis og vann í "andlegu deildinni" en svo nefndi Vilmundur Jónsson, þáverandi landlæknir, fremri skrifstofuna þar sem ritari hafði samastað. Finnbogi Rútur Valdemarsson, sem þá var oddviti hins nýstofnaða Kópavogshrepps, mun hafa nefnt mig við Vilmund. Ég hafði unnið lítið eitt í ígrípum á hreppsskrifstofunni á árinu 1949 áður en ég hélt til Edinborgar. Finnbogi Rútur syndi mér og okkur hjónum velvild í þessu og þó meiri síðar.

Vélritunarkunnáttu mínn var aldrei mikil í Samvinnuskólanum og hafði síst batnað. Ritvélin var líka léleg. Ég held að embættisbréf skrifstofunnar frá þessum mánuðum beri þess merki. Handrit Vilmundar voru hins vegar svo snilðarvel skrifuð og frágengin að miklu ánægjulegra hefði verið að senda þau með rithönd hans. Vilmundur var aldrei styggur við mig eða aðfinnslusamur sem þó hefði verið full ástæða til. Parna lærði ég þéringar til nokkurrar fullnustu. Vilmundi þótti ég líka ansi klénn í stafsetningu og kommu-setningu. Hann leiðbeindi mér líka beinlínis með skrift enda var hann listaskrifari. Ég þurfti nefnilega að handskrifa mánaðarlegar skýrslur héraðslækna um sóttarfari.

Um áramótin 1952/53 réðist ég svo til Dr. Matthíasar Jónassonar, sem þá vann að rannsóknnum sínum á greindarþroska íslenskra barna og stöðlun greindarprófsins, sem við hann er kennt hér á landi. Ég vann eingöngu að töflugerð og tölfraðilegri úrvinnslu prófgagna. Við þetta vann ég samfleytt í 2 ár eða þar til um áramótin 1954/55 en þá varð ég blaðamaður í fullu starfi á Tímanum; hafði raunar unnið þar hlutastarf frá 1953. Ég var á Tímanum fram á haust 1956 og í ígrípum og kvöldvinnu fram yfir 1960.

**Nú varst þú fyrsti skólasálfræðingur í ingurinn á Íslandi; fyrst í Kópavogi og síðan í Reykjavík.**

Það má sjálfsgagt með nokkrum rétti segja að ég hafi starfað sem skólasálfræðingur í Kópavogi á árunum 1956 til 1960. Ég hefi séð í blöðum og bréfum frá þessari tíð önnur nöfn; t.d. uppeldisráðgjafi, skólaráðgjafi. En í setningarbréfi, er

Gylfi Þ. Gíslason, sem þá var nýordinn menntamálaráðherra, gaf út var ég ráðinn kennari við gagnfræðadeild Kópavogs-skóla með sérstökum verkefnum. Hverníg sú skilgreining var man ég ekki lengur. Hins vegar þótti hún nokkurt vandaverk vegna forðæmis og Gylfi gaf út tvö bréf; hið fyrra var ógilt af þessum ástæðum. Ég mun hafa reynt að bæta við lýsingu á verkefnum, sem þótti orka tvímælis.

Þessi ráðning var algerlega byggð á áhuga þeirra hjóna, Finnboga Rúts og Huldu Jakobsdóttur á umbótum í skólamálum, en Hulda tók um þetta leytí við störfum bæjarstjóra. Þau skildu nauðsyn þess að sinna þörfum fráviksnemenda og mikilvægi góðs skóla í ört stækkanli bæjarfélagi, sem var að breytast úr sérkennilegu frumbýlissamfélagi í þéttbyli. Það sýnir faglegan barnaskap minn að taka þetta að mér. Að ekki hlaut slys af er sjálfsgagt mest að þakka velvild, skilningi og drengskap skólastjórnanna Frímanns Jónassonar skólastjóra Kópavogsskóla og Gunnars heitins Guðmundssonar skólastjóra Kársnes-skóla. Ég tel mig þó hafa unnið fyrir kaupinu mínu í Kópavogi bessi 4 ár. Hinu er ekki að neita að formleg skipuleg sálfræðibjónusta hófst á öðrum grunni þegar Sálfræðideild skóla var stofnuð við Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur haustið 1960 fyrir atbeina Jónasar B. Jónssonar fræðslustjóra. Undirbúnings- og aðlögunartíminn í Kópavogi var engu að síður mikilvægur og réði sjálfsgagt úrlitum um að hafist var handa í Reykjavík, að minnsta kosti að til mín persónulega var leitað í því sambandi.

#### Mættirðu ekki andstöðu?

Viðhorf almennings og kennara til sálfræðibjónustu voru afleit á þessum árum. Ástæður voru ýmsar, en ein var ef til vill sú að fólk bekkti fáa sálfaðinga, þetta var alveg nýtt. Flestir þeirra sem höfðu sálfræðimenntun fram að þessum tíma voru meira heimspekingar, rithöfundar og spekingar en sálfræðingar. Það var áreiðinlega að mörgu leytí erfiðara að fást beint við viðfangsefnin heldur en að fjalla um þau í bókum og ritgerðum. Hleypidómar almennings, og þar eru kennarar ekki undanskildir, voru svo ákaflega miklir. Ég reyndi alltaf að haga mér eins og fagmaður í sálfaði

hvernig sem það hefur svo tekist. -Hins vegar stóð ég ekki í neinum augljósum stórræðum á þessum árum. -Ég sat á kennarastofu og ræddi við kennara eða skólastjóra og yfirkenndra. Viðhorf mitt var og er að árangursríkast sé að reyna að greina vanda samtímans og síðan ef hending réði að verða að liði við að finna skárstu leið áfram. -Petta merkir að ekki að láta berast með tískubylgjum hverju sinni.

#### Hefurðu tekið þátt í pólitísku starfi?

Ég óx sjálfkrafa inn í Framsóknarflokkinn gegnum Tímann á uppvaxtarárum í Skagafirði, síðar í Samvinnuskólanum og líka sem blaðamaður við Tímann. Ég var alltaf lélegur blaðamaður og þrátt fyrir áhuga minn undir niðri á stjórmálum, hefur flokkspólítískur áhugi sennilega verið takmarkaður alla tíð og hefur farið minnkandi. Nokkrir einstaklingar í Alþýðubandalaginu fengu áhuga á skrifum mínum um skólamál kringum 1976 - 80 og var meira að segja sett á svíð ráðstefna um skólamál, þar sem átti að heita að ég héldi framsöguræðuna. Petta rann svo allt út í sandinn og ég varð aldrei virkur félagi í Alþýðubandalaginu. Einkum urðu mér það vonbrigðið að verkalyðsförystan virtist lokað fyrir mikilvægi menntunar fyrir alþýðu við nútíma félagsleg skilyrði og fyrir gagnkvæmu samspili skólastarfs og félagspólítískra umbóta. Raunar virðist mér skrýtið og sárt hve allir pólitískir flokkar á Íslandi eru skeyingarlausir um skólastarf og uppeldi í faglegum og eiginlegum skilningi. Til eru einstaklingar, sem sýna skilning, en það virðist að mestu óháð heildarstefnu flokkanna.

#### Nú varstu skólastjóri Æfinga- og tilraunaskólans.

Guðmundur I. Guðjónsson var fyrsti skólastjóri Æfinga- og tilraunaskóla KHÍ eða frá 1968 - 71 er ég tók þar við skólastjórn. Persónulega finnst mér að ég hafi gefið mest af mér í skapandi starfi þau 11 - 12 ár sem ég var starfandi við skólann. Hvort svo er í raun er annarra að meta.

Það er kannski við hæfi að nefna til gamans að ég man ekki betur en að Jónas

frá Hriflu hefði orð á því þegar ég var að leita eftir stuðningi hans að komast einhvers staðar til starfa, hvort ég vildi ekki fara í Kennaraskólanum. Ég leit á þetta, og líklega með réttu, sem vantraust á hæfni mína til félagsþólitískra afreka. En allavega þvertók ég fyrir að eyða tíma mínum í svoleiðis uppátaeki. Í MA vildi Brynleifur Tobiasson menntaskólkennari endilega að ég yrði guðfræðingur og prestur. Það þótti mér sýn verri kostur! Niðurstaðan varð alla vega sú, að ég hefi ekki kennararéttindi og fullnaegði því ekki formlega kröfum til að verða skólastjóri Æfingaskólans. Kennarasamtökini hreyfði þó engum mótmælum og raunar ekki meðumsækjendur beinlínis heldur þegar ég var settur skólastjóri Æfingaskóla KHÍ 1971. Fyrir þetta er ég þakklátur.

#### Í hverju var starfið þar ólíkt því sem var í öðrum skólum?

Það er erfitt fyrir mig, nema þá í löngu máli, að lýsa því hvernig Æfingaskólinn var eða varð óðruvísi en aðrir skólar. Viðleitni okkar var auðvitað að móta skipulag, sem gerði mögulegt að skólinn starfaði sem tilraunaskóli eða öllu heldur sinnti skipulega þróunar- og nýbreytniverkefnum. Af þein sökum var skólinn ekki rekinn undir einhverri yfirlýstri skólastefnu, til dæmis sem opinmáli. Sem skólastjóri var ég fylgjandi sveiganlegu skólaformi og ég tel mig hafa viðurkennt og metið starf þeirra kennara, sem unnu með svonefndu hefðbundnu sniði. Annars er þetta orðalag merkingarlaust og mjög villandi. Annað sem setur svip á Æfingaskólanum eru tengsl hans við Kennaraháskólanum; þar er miðstöð verklegs kennaranáms og kennsluæfinga. Starfsemi skólans er tilraun til að skapa eðlilegan vettvang fyrir samsplil bóklegs kennaranáms og verklegs, gagnvirk áhrif milli teorú og praxis. Því miður tekst það ekki nema að litlu leyti. Ég er samt fullviss um að skólinn á rétt á sér. Þegar skólinn hóf að útskrifa nemendum úr 9. bekk reyndist meðaltala í svonefndum landsprófsgreinum ár eftir á einna hæst yfir landið í Æfingaskólanum. Pannig tel ég hafa sannast að unnt er að leyfa nemendum verulegt frjálsræði og blanda saman í námshópum mjög ólíkum nemendum án þess að það bitni á venjulegri kunnáttukröfu eins og hún er mótuð á hverjum tíma. Ég er persónulega

andvígur slappleika í námskröfum. Slík vinnubrögð eru spillandi. Þvert á móti á að gera miklar kröfur en þær verður að laga að getu og kunnáttu hvers nemanda.

#### Breyttust viðhorf þín til starfa skólasálfræðinga þegar þú varðst sjálfur skólastjóri?

Viðhorf míni til sálfræðibjónustu í skólum breyttust ekki teljandi, held ég, enda fór ég að nokkru leyti frá Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur vegna þess að ég vildi fá sérfræðibjónustuna nær skólastarfinu, kennurum, nemendum og foreldrum, heldur en mér og mínu samstarfsfólk hafði auðnast þau 11 ár, sem ég starfaði sem forstöðumaður sálfræðibjónustu skóla í Reykjavík. Ég gerði mér vonir um heildaráhrif frá sérfræðilegri þekkingu í uppledís og félagsgreinum á starfið í skólunum; ekki aðeins fyrir afbrigðilega nemendur eða sérþarfa nemendur, heldur alla nemendur og skólastarfð í held. Þessi skipulagsáhrif áttu að stuðla að bættu forvarnarstarfi, fækku skjólstæðinga, sem væru komnir í algerar ógöngur og raunar oft svo ósjálfbjarga að litlu varð breytt til bóta af skólags hálfu.

#### Hvernig finnst þér staðið að sálfræðibjónustu í skólakerfinu nú?

Ég hætti hjá Sálfræðideild skóla upp úr 1970. Sjálfur hefði ég kosið að sú starfsemi hefði þróast þannig að nánari samvinna hefði tekið með sálfræðingum og kennurum en raunin virðist vera. Það er að vísu faglegt álitamál að hve miklu leyti slík samvinna á rétt á sér eða er talin möguleg og þá hvernig henni skuli hagað. Það er einnig skiljanlegt að sálfræðingar sýni vissa varkární að verða undirmenn skólastjóra, en ég held að starfið eins og það er nú rækt sé of einangrað frá náminu og kennslunni og einnig félagslega og persónulega frá börnum um og foreldrum þeirra. Auðvitað liggr drygstur hluti vandas í skólakerfinu sjálfu. Tökum t.d. grunnskóலalöginn frá 1974. Þau marka á margan hátt þáttskil í lagasetningu um skólastarf og byggja á hugmyndum, sem voru í gerjun á sjötta og sjóunda áratugnum. Sem lög finnst mér þau þó

alltaf bera of mikinn keim af reglugerð. Stofnun Skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins var vissulega merkilegt spor í þá átt að styrkja stofnanir menntamála og tryggja framkvæmd laganna. Samt hefur sagan frá 1946 að nokkrum leyti endurtekið sig; þó ekki alveg, hún gerir það auðvitað aldrei. Framkvæmdin var og er í skótulíki og meginveilan í það skiptin hversu menntun kennara er vanrækt. Ísland er ekki einsdæmi að þessu leyti. En afleiðingar þessara mistaka eða vanrækslu eru varasamari fyrir okkar litla samfélög en viðast annarsstaðar. Umbótasinnar og stjórnámamenn bera hér sérstaka ábyrgð. Það stóð "vinstri mönnum" og félagshyggjufólkí nær en öðrum að tryggja þessum sjónarmiðum sigur í framkvæmd á áttunda áratugnum. Þessu hlutverki brugðust þeir í grundvallaratriðum, e.t.v. ekki hvað snertir hugmyndir og viðhorf, heldur varðandi efnahagslegar forsendur, stjórnun og skipulag. Byggðastefnan var t.d. ónýt spilaborg. Illindi milli manna og misskilið streð eftir þægindum og neyslu sátu í fyrirrúmi. Það stóð upp á íslenska vinstrimenn að leggja grunn að framtíð hins "nýja Íslands", ekki síst að því er menntastefnu og skólastarf snerti. Það mistókst að verulegu leyti og af því súpum við nú seyðið.

Ég held t.d. að fjölbreytni og sveigjanleiki í skólastarfi hljóti að gefast best í "pluralistísku samfélagi". En þá er ekki nóg að hafa trú á sínum eigin skoðunum og hugmyndafræði, menn verða líka að meta aðstæður og sýna andstæðingi sínum tiltrú. Ráðning námstjóra var spor í réttá átt, en reynslan sýnir að það eitt dugar ekki til. Stofnun þróunarskóla í fræðsluumdæmum hefði e.t.v. verið öllu áhrifameiri aðgerð. Þá hefði mátt tengja atvinnuþætti og lífsstíl byggðarlaga betur starfinu í skólunum og þörfum sibuanna.

Ég dreg í efa að skipting sálfræðipjónustunnar í minni einingar eftir borgarhverfum hafi náð því markmiði að fára starfið nær hverjum einstökum skóla og þeim sérstöku aðstæðum, félagslegum og kennslulegum, sem þar er að finna. Auk þess vil ég snúa líkanu alveg við, ekki bara halla því dálítið, heldur setja það á haus. Kennarinn eða kennarahópurinn sé studdur til að leysa sín vandamál og nemenda sinna á eigin vettvangi, út frá

eigin forsendum og af eigin rammleik. Vandann skyldi leysa sem næst vettvangi og í eðlilegu samhengi. Sérkennarar, skólaráðgjafar, félagsráðgjafar, iðju-kennarar og annað hjálparlið eiga að vera bakharlar skólangs á sérhæfðum svíðum. Skólasálfræðingur ætti að samhæfa þessa þjónustu innan skólangs, vinna greiningarstörf í erfiðum tilvikum og taka lokaákvörðanir, einkum varðandi hvenær leita skuli sérfræðiaðstoðar utan skólangs. En hér er hægara um að tala en í að komast. Samt tel ég að starfslið ÁEfingaskólans hafi náð að þróa þetta líkan með nokkrum árangri undanfarin ár.

Ertu sáttur við þá breytingu að gera Kennaraskólann að háskóla?

Það var engin önnur leið en að gera stúdentspróf að inntökuskilyrði í kennaranám í kringum 1970. Ég tel raunar að fólk sé varla fært um að stunda kennaranám fyrr en um og yfir tvítugt. Ég tel líka að kennaranám, sé ekki minna menntandi en annað nám í háskólam. Vandi þess er hve það er dreift og því erfitt að ná nægilegri dýpt og veita fullnaðgjandi starfsleikni. Því byrfti a.m.k. fjögurra ára nám með sérhæfingu á yngra aldursskeiði grunnskólans annars vegar og seinni hluta skólangs hins vegar. Ef til vill væri heppilgt að síðasta árið væri eins konar kandidatsár þar sem kennaranemar væru starfandi við tiltekinn skóla en að hluta til í námi undir handleiðslu kennara. Enn fremur ynnu beir að kennsluritgerð undir umsjón Kennaraháskólans.

Finnst þér KHÍ standa undir nafni?

Já, mér finnst Kennaraháskólinn hafa þróað starfsemi sína furðu vel undanfarin ár þrátt fyrir léleg ytri skilyrði og neikvæð viðhorf of margra bæði á Alþingi og í embættiskerfinu. Fimmtán ár er ekki langur tími í sögu skóla eða samfélags. Ég er sannfærður um að besta - raunar eina - fára leiðin til að bæta starfsmenntun kennara, er að efla Kennaraháskólann. Skipulagstengsl við Háskóla Íslands koma til greina síðar og eru sjálfsagt til bóta. Hins vegar sé ég engan fjárhagslegan sparnað né tel ég líklegt að sérfræðileg fagleg þekking mundi aukast við slíka sameiningu eina

sér. Umbætur á skipan og framkvæmd krefjast annarra aðgerða sem útheimta fjármagn og endurnýjaða stefnumörkun.

Staða kennara er nú erfið. Vafasamt er hvort þeir miðla í raun svonefndum menningarárfi milli kynslóða. Þeir hafa ekki til þessa á eigin vegum mótað menntastefnu sem er í samræmi við þarfir nútíma íslensks samfélags. Umræða meðal kennara um námsefni og skólastarf er því miður sáralistil. Þeir þyrftu að hafa tíma og kraft til að svara fyrir sig þegar ráðist er á námsefni sem þeir kenna eða vinnubrögð þeirra; ekki bara til að verja ástandið á einstrengingslegan hátt, heldur setja málefni í nýtt samhengi og koma með tillögur um betri vinnubrögð. Láglauastefnan og léleg vinnuskilyrði kennara eru auðvitað undirrót vandans en eru samt hluti af enn stærri vanda, kreppu nútíma Íslands. Mér finnst oft að íslenska lýðveldinu hafi enn ekki verið sett stefnumið um grundvallaratriði. Get ekki rætt þau hér.

Hluti af slíkri stefnumörkun og endurnýjun markmiða felst í öflugri skólamálahreyfingu. Kjarni hennar hlýtur að felast í umbótum á menntun kennara, grunnmenntun, en þó einkum símenntun kennara og formlegrí framhaldsmenntun í hinum ýmsu greinum uppeldisfræði og kennslufræði. Kennarastéttin er nú "lokuð af" svipt að verulegu leyti tækifærum til að bæta kjör sín en einnig haldið niðri varðandi embættisframa innan stjórnkerfis menntamála. Reyndar finnst mér tómlæti kennara um þessu þætti í hagsmunum sínum undarlegt. Öflug sameinuð menntastofnun fyrir kennara og raunarr sem flesta starfsmenn innan uppeldisgeirans er, að mínu mati, ein helsta forsenda fyrir umbótum í menntamálam. Gamli Kennaraskólinn við Laufásveg var allan fyrrí helming þessarar aldar menntaskóli álpýðu á Íslandi. Það er skoðun mína að mikilvægt sé af þjóðernislegum ástæðum ekki síður en varðandi starfsmenntun að Kennaraháskóli Íslands endurnýi þetta hlutverk; til verði þróttmikil stofnun sem tengist í senn íslensku nútíma þjóðlifi og erlendum menningarstraumum. Því miður virðist ekki blása byrlega að svo megi verða. En kannski kemur bráðum betri til.

Nú á sér einnig stað þjálfun kennara við HÍ hvað finnst þér um það?

Ég efast ekki um að kennaramenntun sem nú er veitt við HÍ og miðast einkum við framhaldsskólkennara, sé vönduð. Hins vegar leyni ég ekki þeiri skoðun minni að samhlíða líkan (concurrent-model) í skipan kennaramenntunar sé heppilegra á flestan hátt heldur en aðgreint líkan (consecutive model) þar sem starfsmenntunarþátturinn er aðgreindur frá námi í þekkingargreininni og yfirleitt tekin eftir að námi í henni er lokið. Mjög margir stúdentar líta á námið sem leiðinlegt skylduverk til að fá full kennsluréttindi. Þeir nálgast því námið oft á neikvæðum forsendum og með hangandi hendi. Auðvitað gerist slikt einnig stundum í kennaranáminu við Kennararháskólann.

Nú hefurðu starfað að uppeldis- og kennslumálum hátt í fjóra áratugi. Hafa margir draumar sem bú ólst í brjósti þér um tilhögun þessara mála ræst?

Vissulega hafa miklar breytingar orðið á sviði skóla og uppelismála hérleidis síðan 1950 þegar eg fór að fylgjast með á þessum vettvengi. Samfélagslegar og efnahagslegar aðstæður hafa knúið þá þróun áfram. Skipan og framkvæmd breytinga finnst mér þó of oft hafa verið í skótolíki og óþarflega fálmkennd. Persónulega hefi ég ekki ástæðu til óánægju. Ég hefi fengið, oft óverðskuldað, tækifæri til að vinna áhugaverð verkefni á þessu sviði, sem fylgt hafa félagslegu umróti síðustu áratuga og nýju landnámi í bókstaslegum skilningi. Fyrir það er ég þakklátur, ekki síst þegar ég minnist samstarfs við margt ágætisfólk, sem ég hefi fengið að vinna með í skólamála og stofnunum. Hinu er ekki að leyna að mér finnst mórgu áfátt nú á sviði uppeldis- og skólamála á Íslandi. Viða er skipulega að verki staðið, en þekking og viðleitni nýtast þó yfirleitt ekki sem skyldi. En við þessu er víst ekkert að gera nema að halda starfinu áfram. Verkefni eru vissulega næg framundan. Þá er líka gott til þess að vita að fjölmennur hópur vel menntaðs ungs fólk er albúinn til starfa. Að þessu leyti hefur orðið gjörbreyting frá því Sálfræðingafélagið var stofnað fyrir rökum 30 árum.